




Félags skipstjórnarmanna



SJÓMANNASAMBAND  
ÍSLANDS



VM  
Félag vélstjóra  
og málmiðnaðarmanna

## Umsögn Félags skipstjórnarmanna, VM Félags vélstóra og málmiðnaðarmanna og Sjómannasambands Íslands.

Ofangreindir aðilar lýsa ánægju með að lög og reglur um áhafnir skipa, lögskráningarlög og mögulega önnur lög er málið varðar, verði yfirarin og sameinuð í ein lög.

Mikilvægt er að vandað verði til verka því eins og málum er nú hártað ráða útgerðarmenn mestu um hve margir eru í áhöfn fiskiskipa og ýmissa annarra skipa við hinum ymsu veiðar og verkefni. Skipstjóri ber samkvæmt lögum ábyrgð á skipi og áhöfn, hann í samráði við aðra yfirmenn er best fær um að meta hver lágmarksmönnun skuli vera að teknu tilliti til stærðar skipsins og verkefna til að öryggi sé tryggt og að áhöfnin fái þá lágmarkshvíld sem lög kveða á um.

Samkvæmt nágildandi lögum er einungis kveðið á um fjölda yfirmanna á skipum og bátum. Borið hefur á því að ákveðnar útgerðir hafa fækkað í áhöfn og þrýstingur er hjá fleiri útgerðum um fækkun umfram það sem skipstjórar og áhafnir telja skynsamlegt. Fulltrúar sjómanna telja að sú fækkun leiði til þess að skipverjar fái ekki þá hvíld sem nauðsynleg er og þannig sé öryggi og heilsu áhafnar og skips stefnt í hættu. Því er nauðsynlegt að mati fulltrúa sjómanna að sett verði í lög hver lágmarksmönnun skipa eigi að vera að teknu tilliti til stærðar og verkefna skipsins.

Við teljum best að gefið yrði út mönnunarskírteini fyrir hvert skip og báta í flotanum sem segði til um fjölda í áhöfn við þau verkefni sem skipið sinnir á hverjum tíma. Mönnunarskírteini kvæði á um fjölda yfirmanna og annarra í áhöfn.

Samgöngustofa (mönnunarnefnd eða nýtt ráð skipað fagmönnum) myndi gefa út mönnunarskírteini fyrir hvert skip, að teknu tilliti til veiðiaðferðar, verkefna, stærðar skips/vélar og útbúnaðar. Ef útgerðarmaður eða skipstjóri óskar eftir fækkun frá mönnunarskírteini t.d. vegna tækninýjunga, þarf hann að sækja um það til Samgöngustofu.

Við leggjum til að Landhelgisgæsla Íslands/Samgöngustofa fái heimildir til að beita sektarákvæðum í þeim tilfellum sem lög og reglur um mönnun og útvistartíma eru brotin.

Varðandi endurskoðun á lögskráningarlögum leggjum við til að heimilt verði að lögskrá fleiri en einn í hverja stöðu á hafnsögubátum, fiskeldisbátum og útsýnisbátum, þar sem menn eru sífellt að fara á milli báta, jafnvel oft á dag, er hætt við að lögskráning farist fyrir.

Félags skipstjórnarmanna

VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Sjómannasamband Íslands

*Erla Bjarnasævar*

*Gudr. Helgi Þórsson*

*Vahur Valur Ólafsson*